

Ed.

721. Breytingartillögur

[98. mál]

við frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hver maður í þjóðkirkjunni, sem orðinn er 16 ára á tekjuárinu og er heimilisfastur hér á landi samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 75/1981 og á er lagt útsvar samkvæmt lögum nr. 73/1980, skal greiða sóknargjald ár hvert samkvæmt lögum þessum.

Sóknargjald rennur til þeirrar sóknar þar sem gjaldþegn átti lögheimili hinn 1. desember á tekjuárinu.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Hver sá, sem telst til skráðs trúfélags, sbr. lög nr. 18/1975, skal greiða til trúfélags síns eigi lægri fjárhæð en honum hefði annars borið að greiða til þjóðkirkjunnar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði af útsvarsstofni, sbr. 2. gr.
3. Við 6. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:

Framangreind gjöld hlíta sömu reglum og útsvör eftir því sem við getur átt nema annars sé getið, þ. á m. um kærur og úrskurð þeirra. Um gjalddaga, ábyrgð kaupgreiðenda á gjöldum, innheimtuúrræði, þ. á m. tilkall innheimtumanns til greiðslu úr kaupum gjaldþegns og ábyrgð hjóna á gjöldum hvors annars, svo og um dráttarvexti og innheimtu að öðru leyti skulu gilda ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Gjöld þessi og dráttarvextir eru lögtakskræf samkvæmt lögum nr. 29/1985.
 - b. 3. mgr. orðist svo:

Að lokinni álagningu gjalda skv. I. kafla laga þessara getur sóknarnefnd ákveðið, að fenginni umsókn gjaldanda, að lækka eða fella niður álögð gjöld skv. lögum þessum þegar svo stendur á sem greinir í 27. gr. laga nr. 73/1980. Á sama hátt getur stjórn skráðs trúfélags eða ríkisskattstjóri (háskólaráð) lækkað eða fellt niður álögð gjöld sem um er rætt í II. kafla laga þessara.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Innheimtubóknun skal vera 1% og rennur hún í ríkissjóð. Ríkissjóður skal ársfjórðungslega standa sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu gjaldi samkvæmt lögum þessum.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: og að höfðu samráði við fjármálaráðherra varðandi atriði er snerta framkvæmd álagningar eða innheimtu.